

Nr. 24. beint til hagstofunnar, og getur hún endursent til leiðrjettingar skýrslur, er henni þykja
20. ófullnægjandi, heimtað frekari upplýsingar, með þeim viðurlögum, sem lög greina um
október. vanrækslu í því, að inna af hendi lögmælt skýrsluskil.

5. gr.

Hagstofunni stýrir hagstofustjóri og einn aðstoðarmaður, skipaðir af ráðherra. Vanalega hafa þeir einir rjett til þessara starfa, er lokið hafa háskólaprófi í stjórnfraði. Hagstofustjóri hefir að launum 3000 kr., en aðstoðarmaður 2500 kr.

6. gr.

Til stofnsetningar hagstofunnar veitast alt að 3000 kr. af landssjóði. Laun starfsmanna og árskostnaður til húsaleigu, ljóss og ræstingar, svo og til aukavinnu, prentunarkostnaðar og venjulegs skrifstofukostnaðar veitist á fjárlögum fyrir hvert ár.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1914.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 20. október 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.

Nr. 25.

20.
október.

L ö g

um breyting á lögum nr. 30, 16. nóvbr. 1907, um lán úr landssjóði til byggingar íbúðarhúsa á prestssetrum landsins.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð Danmerkur konungur,

Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,

Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Í stað 2. gr. komi svolátandi grein:

Ekkert lán má fara fram úr 5000 kr. Lánin ávaxtast og afborgast með 4 % á ári. Af því eru 3½ % vextir, en ½ % afborgun.

2. gr.

Í staðinn fyrir þessi orð í 5. gr. »skal sá hafa forgöngurjett« komi: skal sá að jafnaði hafa forgöngurjett.

3. gr.

Í stað 6. gr. komi svolátandi grein:

Hús, er lán er lagt til úr landssjóði, skulu vera gjörð eftir uppdrætti, sem landsstjórnin samþykkir, úr steini eða steinsteypu og þak varið jární eða eigi ótryggara efni.

Timburhús, þótt aljárnvarin sjeu, má því að eins reisa fyrir lánsfjeð, að eigi sje annars kostur vegna staðháttu. Landsstjórnin ræður, eftir tillögu hins byggingarfróða ráðunauts landsstjórnarinnar, yfirmsið hússins. Nr. 25.
20.
október.

Nú hefir verið bygt hús úr steini eða steinsteypu, eða járnvarið timburhús á prestsetri, áður en lög þessi ganga í gildi, en er ekki eign prestakallsins, eða slíkt hús er á jörð, er síðar kynni að verða gerð að prestssetri, en fylgir eigi jörðinni, og er þá landsstjórninni heimilt að veita lán til að kaupa það með samskonar kjörum og lög þessi ræða um, ef ástæður mæla með, enda sje húsið vandað og hentugt til íbúðar.

4. gr.

7. gr. laganna orðist þannig:

Helmingur lánsfjárens greiðist af hendi jafnskjótt og landsstjórninni eru sýnd skil fyrir því, að efni samkvæmt uppdrætti og áætlun sje komið á byggingarstaðinn og efni, sje það eldfimt, sje fullváttryggt. Hinn helmingurinn útborgast, þegar sýnd eru skilríki fyrir því, að húsið sje bygt eftir uppdrætti og áætlun, og vel frá smíði gengið, enda sje landsstjórninni jafnframt afhent skírteini frá einhverju áreiðanlegu brunabótafjelagi, sem umboðsmann hefir í Reykjavík, fyrir því að húsið sje váttrygt fyrir virðingarverði. Stjórnin geymir brunabótaskírteinið.

5. gr.

Í staðinn fyrir 2 síðustu málsgreinar í 8. gr. komi þessi grein:

Komi það í ljós við skoðun, að hús sje eigi bygt, eða því viðhaldið, sem skyldi, getur landsstjórnin haldið presti til að bæta úr göllunum með dagsektum, eða jafnvel látid bæta úr þeim á kostnað prests, en þá skal prestur að skaðlausu endurgreiða allan kostnað, er af því hlýttst, þar með talinn innheimtukostnað.

6. gr.

12. gr. laganna falli burtu.

7. gr.

13. gr. orðist þannig:

Nú er hús bygt að nokkru eða öllu leyti fyrir lánsfje úr landssjóði samkvæmt lögum þessum, og skal þá prestur árlega leggja $\frac{1}{2}$ % af virðingarverði hússins í sjóð, er nefnist »Fyrningarsjóður« og landsstjórnin stjórnar. Sama er og, þá er hús, sem bygt hefir verið að öllu eða nokkru leyti fyrir lánsfje úr landssjóði, er byggt upp fyrir váttryggingarupphæð þess eða fyrningargjald samkvæmt 17. gr. Öllum slíkum húsum skal prestur ætíð halda váttrygðum fyrir virðingarverð samkvæmt því, sem ákveðið er í 7. gr.

8. gr.

Lög þessi koma í gildi 1. janúar 1914.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amaliuborg, 20. október 1913.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

H. Hafstein.